

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Efri-Úlfsstaðir, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 17. janúar 2023 tillögu að deiliskipulagi hluta jarðarinnar Efri-Úlfsstaða. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum, þar sem m.a. er heimilt að koma fyrir gestahúsum og þjónustumiðstöð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Voðmúlastaðir, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. desember 2022 tillögu að deiliskipulagi hluta jarðarinnar Voðmúlastaða. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fimm 900 m<sup>2</sup> byggingarreitum fyrir 60 m<sup>2</sup> gestahús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Rimakot, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 10. nóvember 2022 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Rimakot. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tengivirki ásamt viðbyggingu við núverandi spennistöð og að heildar byggingarmagn verði allt að 600 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Kirkjulækjarkot, lóð 2, nýtt deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 9. febrúar 2023 tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Kirkjulækjarkot, lóð 2. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi, bílskúr, geymslu og gestahúsi á tveimur byggingarreitum. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 25. maí 2023.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Þóra Björg Ragnarsdóttir**, aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.